



Árskýrsla æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Laga

2012-2013



Æskulýðsnefnd Loga 2013.

Sigríður J. Guðmundsdóttir

Líney S. Kristinsdóttir

Þórey Helgadóttir

Freydís Örlygsdóttir

Sölvi Arnarsson

Æskulýðsstarfið hjá Loga var líflegt á árinu að vanda, en segja má að Uppskeruhátíðin sem haldin er á hverju hausti sé upphaf og endir hvers starfsárs. Á uppskeruhátíðinni er farið yfir líðandi starfsár ásamt því að dagskrá næsta árs er kynnt. Segja má að starfsemin hafi verið nokkuð hefðbundin en þó eru alltaf einhverjar breytingar og einhver nýmæli á hverju ári. Sem dæmi um það þá var reiðtygjaþrífum sleppt s.l. haust en í stað þess var yngri krökkunum boðið í Hrosshaga þar sem þau áttu góðan fræðslu- og skemmtidag. Eldri krökkunum var síðan boðið á Vatnsleysu þar sem þeim var kennd grunnatriði í söðlasmíði, en þau bjuggu sér þar m.a. til höfuðleður og taum. Báðar þessar heimsóknir voru vel sóttar og var mikil ánægja með þær. Álfareiðin í janúar er síðan alltaf jafn vinsæl. Logi hélt 3 vetrarmót að venju og voru börnin og unglingarnir þar til sóma. Uppsveitadeild Æskunar var síðan haldin í þriðja sinn í samstarfi við hestamannafélögin Trausta og Smára. Keppnin er haldin í reiðhöllinni á Flúðum að venju og var ánægjulegt að sjá hversu mikið krökkunum hefur farið fram á þessum þrem árum. Kúrekanámskeið var síðan haldið í reiðhöllinni og var það vel sótt, en þetta var mjög skemmtilegt og „öðruvísi“ námskeið. Hefð er komin á Kjóstaðaleikana en þeir eru haldnir á Kjóstöðum 3 í boði þeirra Gunnars Birgirssonar og Þóru Schram. Leikarnir voru vel sóttir, þrátt fyrir það að veðrið væri ekki of gott, enda Kjóstaðaleikarnir alltaf einstaklega skemmtilegir og þau Gunnar og Þóra höfðingjar heim að sækja. Útreiðartúrinn sem farið hefur verið í undanfarin sumur féll niður í þetta skiptið vegna dræmrar þátttöku en strax er farið að skipuleggja næsta útreiðartúr þar sem nýjar leiðir verða kannaðar. Krakkar frá Loga tóku síðan þátt í ýmsum stærri mótum s.s. Íslandsmótinu, Suðurlandsmótinu ofl. Oft er það þannig að þegar krakkar koma upp úr grunnskóla og fara í framhaldsskóla að hestamannskan víkur fyrir nýjum áhugamálum. Ekki er það alfarið svo hjá okkur, sem sést m.a. á því að sl. haust ákváðu 4 Logakrakkar að taka hestabrautina hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands sem val til stúdentsprófs.

Hér að neðan verður greint betur frá einstökum þáttum starfsins.

4. október, Uppskeruhátíð.

Þann 4. október héldum við árlega uppskeruhátíð æskulýðsdeildarinnar. Þar mættu börn og unglingar ásamt forráðamönnum til þess að fara yfir liðið ár. Oddný Lára Guðnadóttir hélt fróðlegt erindi um knapamerkin, en það eru einmitt nokkrir Logakrakkar í þeim nú. Dagskrá næsta árs var kynnt, en alltaf er reynt að bæta inn einhverju nýju, auk þess sem byggt er á því sem vel hefur tekist á undanförunum árum. Fastur liður á uppskeruhátíðinni er að veita farandgripinn Feyki. Feykir var gefinn af Jóhanni B Óskarssyni og er hann hugsaður sem viðurkenning til Logakrakka sem með framkomu



sinni og dugnaði er öðrum góð fyrirmynd eða hafa sýnt framfarir í hestamennsku. Að þessu sinni hlaut Marta Margeirsdóttir gripinn. Að lokinni formlegri dagskrá fengu sér allir hressinga af hlaðborði sem krakkarnir höfðu komið með kræsingar á og síðan var spjallað fram eftir kvöldi.

Undanfarin ár höfum við hist með börn og unglunga í Fellskoti og þrifið reiðtygi og átt góða stund saman en í ár þá breyttum við aðeins til, eins og fram kom í formála, skiptum upp hópnum og buðum börnum úr 5. bekk og yngri í heimsókn í Hrosshaga en 6. bekkur og eldri fóru í reiðtygjagerð. Það voru allir sammála um að þetta hafi tekist mjög vel og gaman að leyfa börnunum að njóta sín saman og unglingarnir að fá að vera sér.

19. október, heimsókn í Hrosshaga.

19. október mættu um 50 börn og forráðamenn í Hrosshaga til þess að eiga góðan dag saman. Sólon Morthens reiðkennari sýndi börnunum hest og fór í gegnum hvað líkamshlutar hestsins heita og voru börnin með þetta alveg á hreinu!! Þegar búið var að skoða hestinn þá var pylsupartý og kaka. Börnin fengu að auki litabók íslenska hestsins í boði Landsambands Hestamannafélaga. Gaman var að sjá hversu margir mættu óháð því hvort börnin væru að stunda hestamennsku að staðaldri eða ekki.



2. nóvember, heimsókn á Vatnsleysu.



2. nóvember var unglingum boðið að læra grunnatriði í reyðtygjagerð í skemmumni á Vatnsleysu. 19 unglingar mættu til að læra að búa til höfuðleður (letingja) og tauma til að teyma hross. Þær mæðgur María Þórarinsdóttir og Sigurlína Kristinsdóttir frá Fellskoti voru leiðbeinendur dagsins. Eftir að vinnunni var lokið fengu allir súpu og kökur. Það voru glaðir og kátir unglingar sem héldu heim frá Vatnsleysu þetta kvöld.

11. janúar, Álfareið.

Að venju var lagt af stað frá Aratungu og gengið að Friðheimum með kyndla og þó nokkrir voru ríðandi. Í Friðheimum var boðið uppá kaffi, kakó og kökur. Veðrið var með besta móti og gaman að kveðja jólin í góðra vina hópi.

Kóngur og drottning voru að þessu sinni Dagur Úlfarsson og Guðný Helga Einarsdóttir.

Vetrarmót og firmakeppni.

Dagana 16. febrúar, 16. mars og 13. apríl voru haldin vetrarmót, en þetta er mótaröð sem hestamannafélögin Logi og Trausti standa sameiginlega að. Góð þátttaka hefur verið á þessum mótum og hafa sumir unglinganna jafnframt keppt þar í flokki fullorðinna og staðið sig mjög vel. Í júní stendur Logi alltaf fyrir reiðnámskeiði sem vel er sótt, en námskeiðið endar alltaf á skemmtilegum fjölskyldudegi með firmakeppni og grillveislu. Þátttaka í firmakeppninni er alltaf mjög góð hjá börnum og unglingum, enda fyrirkomulag keppinnar bæði frjálst og skemmtilegt.



Uppsveitadeild Æskunnar.

Uppsveitadeild Æskunnar var haldin í þriðja sinn, en þetta er mótaröð sem hestamannafélögin Logi, Smári og Trausti standa sameiginlega að. Uppsveitadeildin er bæði liðakeppni milli félaganna og einstaklingskeppni, en keppt er í barna og unglingaflokkum. Keppnisdagarnir eru þrír, þ.e. 9. mars, 6. apríl og 27. apríl, en þátttaka var mjög góð þó allra best í fyrsta mótinu þegar keppt var í smalanum. Þann 6. mars var keppt í tölti í báðum flokkum, en einnig kepptu börnin í þrígangi og unglingarnir í fjórgangi. Á lokamótinu 27. apríl kepptu börnin í fjórgangi en unglingarnir í fimmgangi og skeiði. Þessi mótaröð hefur tekist mjög vel og er vikilega ánægjulegt að sjá hversu keppendum hefur farið mikið fram frá því mótið var haldið fyrst. Síðan er ekki síður ánægjulegt hversu vel samstarf hestamannafélaganna hefur gengið og hversu vel krakkarnir í félögunum hafa náð saman. Reynslan af Uppsveitadeild Æskunnar er það góð að þessi mótaröð er örugglega „komin til að vera“ næstu árin.



Reiðnámskeið – Kúrekanámskeið

Í febrúar hófst „kúrekanámskeið“ sem stóð fram í apríl. Þetta reiðnámskeið var með öðru sniði en við eigum að venjast, en reiðkennarinn kaus að kalla það kúrekanámskeið. Námskeiði var ætlað börnum frá 7- 17 ára aldri. Börnin urðu að vera hestvön og geta riðið ein og upp á einhverja ferð.

Yngstu börnin mættu fjórum sinnum en þau eldri átta sinnum. Námskeiði var haldið í reiðhöllinni á Flúðum. Kennarinn var Inga María Stefánsdóttir menntaður reiðkennari frá Hólaskóla.

Námskeiðið gekk út á að nálgast hestinn í gegnum glens og leik, þar sem áherslan var lögð á jafnvægi og snerpu. Börnin riðu alltaf berbakt og yfirleitt bara með múl. Börnin lærðu að kasta kúreka snöru



auk þess sem farið var í ýmsa leiki s.s. indjána og kúrekaleiki. Þetta var mjög vel heppnað námskeið og skemmtu bæði knapar og forráðamenn þeirra sér konunglega.

26. maí, Kjóastaðaleikarnir.



Þann 26. maí voru þriðju Kjóastaðaleikarnir haldnir, en Gunnar og Þóra á Kjóastöðum 3 bjóða til leikanna. Æskulýðsnefndin skipuleggur dagskrá leikanna, markmiðið er að eiga skemmtilegan dag saman, hvort sem krakkar mæta með hest eða ekki. Settar eru upp þrautabrautir í reiðhöllinni á Kjóastöðum, bæði fyrir ríðandi og hlaupandi keppendur, en í boði voru lánshestar fyrir þá krakka sem það vildu. Síðan var farið út á hringvöll, en þar á beinu brautinni voru haldnar einstakar „kappreiðar“, en keppt var á feti með tímavörslu og hlaupagæslumönnum. Var þetta einstaklega skemmtileg keppni og er spurning hvort svona formleg fetkeppni hafi verið haldin áður. Dagskránni líkur síðan alltaf með því að allir þátttakendur fá verðlaunapening og skella sér í glæsilega grillveislu í boði þeirra Kjóastaðahjóna. Það fara alltaf allir glaðir, kátir, saddir og sælir af Kjóastaðaleikunum og þakkar æskulýðsnefndin Gunnari og Þóru kærlega fyrir góðan dag.



Þátttakendur á Kjóastaðaleikunum

Reiðnámskeið

Dagana 10.-14. júní var haldið reiðnámskeið í Hrísholti á félagassvæði Loga. Kennari að þessu sinni var Rósa Birna Þorvaldsdóttir. Þáttaka var góð og allir kátir og sælir að námskeiði loknu. Firkakeppni Loga strax á eftir námskeiðinu eða laugardaginn 15. júní.



